

## **Fjallabyggð**

### **Deildarstjóri fræðslu- fristunda og menningarmála.**

Fjallabyggð óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa. Megin viðfangsefnið er fræðslu- fristunda- og menningarmál, stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almannatengslum sem og á sviði ferða- og atvinnumála.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði menntamála og stjórnsýslu. Reynsla og góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála er æskileg. Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir þekkingu og hæfni í stefnumótun og þróun, fjármálum og áætlanagerð, stjórnun starfsmanna og umsjón með verkefnum. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, leiðtogaþæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir. Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en mánudaginn 2. nóvember 2015.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála, netfang [olafur@fjallabyggd.is](mailto:olafur@fjallabyggd.is) sími 464 -9100 eða Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang [gunnarb@fjallabyggd.is](mailto:gunnarb@fjallabyggd.is).